

Fundargerð skólaráðs Stapaskóla

Fyrsti fundur skólaársins 2022-2022 í Stapaskóla, 7. mars, 2024 kl: 16:15.

Mættir:

Gróa Axelsdóttir, skólastjóri, Jón Haukur Hafsteinsson, aðstoðarskólastjóri, Lísa Mjöll Egisdóttir, fulltrúi kennara, Katrín Alda Ingadóttir, fulltrúi nemenda, Bergur Leó Sigþórsson, fulltrúi nemenda, Dagný Sjöfn Guðmundsdóttir, fulltrúi starfsfólks skóla, Sandra Sif Rúnarsdóttir, formaður foreldrafélagsins,.

Forföll: Auður Guðbjörg Pálsdóttir, fulltrúi foreldra og Sigvaldi Arnar Lárusson, fulltrúi grenndarsamfélags.

1.mál. Málstefna Stapaskóla

2.mál. Skóladagatal 2024-2025

3.mál. Ráðningar fyrir næsta skólaár

4. mál. Aðstoð við Grindvíkinga

5. mál. Símareglur

4.mál. Önnur mál

1. Mál. Málstefna Stapaskóla

Gróa kynnrir málstefnu Stapaskóla sem gerð var á skólaárinu. Hún hefur verið kynnt öllu starfsfólki skólans og verið birt á heimasíðu skólans.

2. Mál. Skóladagatal 2024-2025

Gróa leggur fram til kynningar skóladagatal næsta skólaárs. Starfsfólk skólans hefur samþykkt skóladagatalið. Engar athugasemdir voru gerðar í ráðinu og það samþykkt samhljóða.

3. Mál. Ráðningar fyrir næsta skólaár

Auglýstar hafa verið stöður kennara og sérfræðinga. Þegar hafa borist nokkuð af umsóknum en umsóknarfrestur er til 13. mars.

4. Mál. Aðstoð við Grindvíkinga

Gróa upplýsir ráðið um fjölda Grindvískra barna sem hafa sótt skólann frá rýmingu Grindavíkurbæjar.

5. Mál. Símareglur

Gróa kynnrir fyrir ráðinu nýjar símareglur sem hafa verið innleiddar í skólanum. Allir nemendur hafa fengið kynningu á reglunum og hefur almennt gengið vel.

6. Mál. Önnur mál

Stapaskóli á fimm ára afmæli 1. apríl. Ákveðið að vera með afmælisveislu föstudaginn 5. apríl.

Gróa kynnrir fyrir ráðinu Nurture verkefnið sem Stapaskóli er í innleiðingu með í samstarfi við MMS.

Jón Haukur upplýsir ráðið um niðurstöður Skólapúlsins og hvernig þær eru alltaf birtar á heimasíðu skólans. Stjórnendur rýna í niðurstöður með starfsfólki og nemendráð kynnir niðurstöður fyrir nemendum og koma með tillögur eða ábendingar.

Katrín Alda upplýsir ráðið um að ungmennaráð Fjörheima er að vinna að kynningu á niðurstöðum Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar sem þau koma til með að vera með í öllum grunnskólum og mögulega framhaldsskólunum.

Fundi slitið kl. 16:30

Fundargerð ritaði:
Jón Haukur Hafsteinsson,
aðstoðarskólastjóri